

**21. fundur Velferðar- og mannréttindaráðs, haldinn í fundarherbergi 3. hæð,
Stillholti 16-18,
2. september 2015 og hófst hann kl. 16:00**

Fundinn sátu:

Vilborg Þ. Guðbjartsdóttir formaður, Einar Brandsson varaformaður, Ingibjörg Pálmadóttir aðalmaður, Gunnhildur Björnsdóttir áheyrnarfulltrúi, Jón Hrói Finnsson sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs og Sveinborg Kristjánsdóttir félagsmálastjóri.

Fundargerð ritaði: Jón Hrói Finnsson, sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs.

Sveinborg L. Kristjánsdóttir, félagsmálastjóri sat fundinn og tók þátt í umræðum um liði 1, 2 og 6 í fundargerðinni.

Fyrir tekið:

1. 1508429 - Flóttamannaverkefnið 2008

Lagðar fram skýrslur Rauða kross Íslands og Akraneskaupstaðar um flóttamannaverkefnið á Akranesi 2008-2009, þar sem tekið var á móti 29 flóttamönnum frá Al Waleed flóttamannabúðunum í Írak. Sveinborg L. Kristjánsdóttir félagsmálastjóri mætti til fundarins og fór yfir reynslu Akraneskaupstaðar.

Velferðar- og mannréttindaráð þakkar Sveinboru greinargóðar upplýsingar og óskar eftir að gerð verði samantekt um verkefnið, þar sem teknað verði saman upplýsingar um reynsluna af þeim úrræðum sem stóðu flóttamönnunum til boða og hvað læra megi af verkefninu.

2. 1509001 - Félagslegt leiguþúsnaði á Akranesi

Lögð fram samantekt sviðsstjóra Velferðar- og mannréttindasviðs um félagslegt húsnaði og önnur húsnæðisúrræði á vegum Akraneskaupstaðar.

Rætt um stöðu mála. Sveinborg sat fundinn á meðan á umræðunum stóð.

3. 1508182 - Velferðar- og mannréttindasvið - Fjárhagsyfirlit 2. ársfjórðungs 2015

Lagt fram bréf sviðsstjóra Velferðar- og mannréttindasviðs til fjármálastjóra með skýringum á frávikum frá fjárhagsáætlun ársins 2015.

4. 1411152 - Vesturgata 102

Umræður um stöðu mála.

5. 1501209 - Trúnaðarmál

Vísað til trúnaðarbókunar Velferðar- og mannréttindaráðs.



6. 1508255 - Visible bridges - norrænt verkefni

Sveinborg Kristjánsdóttir, félagsmálastjóri óskar eftir heimild Velferðar- og

mannréttindaráðs til að sækja vinnudaga í Arendal í Noregi í norrænu samstarfsverkefni sem ber heitið "Visible bridges". Markmið verkefnisins er m.a. að þróa leiðir/úrræði til að styrkja þátttöku innflytjenda á vinnumarkaði. Markmiðin falla vel að og geta eftt þá vinnu sem þegar á sér stað varðandi valdeflingu atvinnulausra á Akranesi. Kostnaður Akraneskaupstaðar er enginn umfram það að heimila að þrír vinnudagar 9.-11. september verði nýttir í verkefnið. Sjá nánari lýsingu á verkefninu í meðfylgjandi minnisblaði og á heimasíðu verkefnisins <http://www.visiblebridges.net>

Verfgerðar- og mannréttindaráð samþykkir beiðnina.

7. 1406027 - Trúnaðarmál

Vísað til trúnaðarbókunar Velferðar- og mannréttindaráðs.

8. 1508027 - Trúnaðarmál

Vísað til trúnaðarbókunar Velferðar- og mannréttindaráðs.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 19:30.

*Vilborg Gudbjartsd.
Einar Bradmar
Guðrún Þórhildottir
Guðrún Þórhildottir
Jón Ólafsson*